



Til:
Efni:
Upplýsingar:

bgr@os.is

Umsögn um umsókn Kubbs ehf. um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni í Álftafirði við Ísafjörðardjúp og innarlega í Skutulfirði. Óskað er eftir leyfi til að vinna allt að 25.000 rúmmetra af mól og sandi í Álftafirði norðan við Hattareyri og er það mál tekið fyrir fyrst sbr. bréf Orkustofnunar til Kubbs ehf. frá 3. júlí sl. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Tilvísun í mál: 2017080007

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 17. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kubbs ehf. um leyfi til töku malar og sands af hafsbotni í Álftafirði við Ísafjörðardjúp og innarlega í Skutulfirði. Óskað er eftir leyfi til að vinna allt að 25.000 rúmmetra af mól og sandi í Álftafirði norðan við Hattareyri og er það mál tekið fyrir fyrst sbr. bréf Orkustofnunar til Kubbs ehf. frá 3. júlí sl. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Eins og kemur fram í innsendum gögnum er óskað eftir áframhaldandi efnistöku á sama svæði og áður í Álftafirði en fram til ársins 2015 hafa verið unnir um 13.700 rúmmetrar af mól og sandi á svæðinu. Mjög takmarkaðar rannsóknir hafa farið fram á efnistökusvæðunum en þar hafa verið tekin botnsýni og þau greind gróflega en frekari úrvinnsla t.d. tegundagreining hefur ekki farið fram.

Þar sem um er að ræða efnistökusvæði sem þegar er raskað að hluta og ekki er um mjög umfangsmikla efnistöku að ræða má meta það svo að eðlilegra sé að veita áframhaldandi leyfi á þessu svæði en að fara í vinnslu á nýjum stað. Að mati Náttúrufræðistofnunar er það hins vegar áhyggjuefni að svo virðist sem að ekki séu gerðar kröfur um ákveðnar staðlaðar upplýsingar um náttúrufar efnistökusvæða á hafsbotni áður en leyfi til efnistöku er heimilað. Í gögnum málsins kemur fram að t.d. eru fiskeldissvæði í sama firði og einnig var þar fyrirhugað kræklingældi. Fiskeldi hefur áhrif á botn fjarðarins og er því eðlilegt að meta þurfi heildaráhrif á lífríki fjarðarins þegar afstaða er tekin til nýtingar hans í heild sem og einstakra nýtingarþátta eins og efnistöku. Náttúrufræðistofnun telur að úr framangreindu þurfi að bæta.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

